

- 5. mál Fundargerð forsætisnefndar frá 28. október**
Fundargerðir íþróttá- og tómstundaráðs frá 14. og 21. október
Fundargerðir mannréttindaráðs frá 11. og 25. október
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 24. október
Fundargerðir skipulagsráðs frá 19. og 26. október
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. október
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 11. og 18. október
Fundargerð velferðarráðs frá 20. október

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég kveð mér hljóðs undir fundargerð mannréttindaráðs frá 25. október sl. undir 3. lið, þar sem fjallað er um dag gegn einelti, en á fundi ráðsins kom skýrt fram að skóla- og frístundasvið borgarinnar hefði ekki hug á að taka þátt í þessum degi. Það vakti furðu ráðsmanna að skóla- og frístundasvið hefði í hyggju að fara gegn samþykkt borgarstjórnar frá 3. nóvember árið 2009, með þeim rökum að niðurstöður sænskrar rannsóknar sýndu fram á að þátttaka í slíkum degi gæti ýtt undir einelti í vissum hópum. Enda stóð ráðið að sameiginlegri bókun á fundinum þar sem lýst er furðu á þessum vinnubrögðum.

Skemmst er frá því að segja að í kjölfarið stígur svo formaður mannréttindaráðs, sem vel að merkja sat ekki umræddan fund, á stökk í fjölmiðlum með eftiráskýringar og segir að málið sé byggt á misskilningi. Ég hlýt því að spyrja hvort ekki sé lengur hægt að taka mark á því sem fram kemur í fagráðum borgarinnar og fundargerðum þeirra og að þeir sem sitja í nefndum og ráðum borgarinnar þurfi hér eftir að fylgjast með eftiráskýringum í fjölmiðlum. Ef svo er þá er stjórnýsla borgarinnar komin í ógöngur. Þá vil ég jafnframt fá svör við því hvar og hvenær sú stefnubreyting skóla- og frístundasviðs um að skólar borgarinnar taki þátt í degi án eineltis var samþykkt og hvort að það megi treysta því að sú ákvörðun standi.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir lokið máli sínu. Lagðar eru fram fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 24. október, fundargerðir skipulagsráðs frá 19. og 26. október. Þá hefur borgarfulltrúi Óttarr Proppé óskað eftir því að taka til máls.

- 5. mál Fundargerð forsætisnefndar frá 28. október**
Fundargerðir íþróttá- og tómstundaráðs frá 14. og 21. október
Fundargerðir mannréttindaráðs frá 11. og 25. október
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 24. október
Fundargerðir skipulagsráðs frá 19. og 26. október
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. október
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 11. og 18. október
Fundargerð velferðarráðs frá 20. október

Óttarr Proppé: Háttvirtu forseti, ástkæra borgarstjórn. Mig langaði nú bara rétt til þess að taka til máls og svara ræðu hæstvirts borgarfulltrúa Mörtu Guðjónsdóttur um þátttöku skóla- og frístundasviðs í degi eineltis. Það er alveg skýrt að skóla- og frístundasvið hyggst taka að fullu þátt í degi gegn einelti. Að því er mér skilst, sem sat ekki fund mannréttindaráðs, þá kann að hafa gætt ákveðins misskilnings þar sem samkvæmt minnisblaði eða svari frá skóla- og frístundasviði var rætt eða tekið á þeirri hugsun að einelti væri vandamál sem nægði ekki að berjast gegn bara einn dag úr ári heldur væri gegnumgangandi verkefni sem þyrfti að vinna í alla daga ársins og það kunní að hafa orðið einhver misskilningur þess vegna. En það er semsé alveg skýrt að skóla- og frístundasvið hyggst taka þátt í degi eineltis og það er ekki eftiráskýring heldur hefur annað ekki staðið til.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Óttarr Proppé lokið máli sínu. Óskar borgarfulltrúinn eftir að koma upp í andsvar? Þá kemur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir upp í andsvar við ræðu borgarfulltrúa Óttars Proppé.

- 5. mál Fundargerð forsætisnefndar frá 28. október**
Fundargerðir íþróttá- og tómstundaráðs frá 14. og 21. október
Fundargerðir mannréttindaráðs frá 11. og 25. október
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 24. október
Fundargerðir skipulagsráðs frá 19. og 26. október
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. október
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 11. og 18. október
Fundargerð velferðarráðs frá 20. október

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég fagna þeirri stefnubreytingu sem orðið hefur hjá skóla- og frístundasviði. En ég er ekki ennþá farin að sjá hvar þessi ákvörðun er tekin og hvenær hún var tekin og á meðan svo er þá höfum við ekkert í höndunum um það að skólar borgarinnar muni taka þátt í þessum degi. Þegar að tillagan var lögð fram á sínum tíma, þegar við sjálfstæðismenn lögðum hana hér fram í borgarstjórn árið 2009 var hugsunin ekki sú að það ætti eingöngu að huga að forvörnum gegn einelti einn dag á ári. Að sjálfsögðu gerðum við ráð fyrir því að það væri unnið að forvörnum gegn einelti allt árið og alla daga í skólum borgarinnar, en þessi tiltekni dagur átti að vekja fólk til umhugsunar um alvarlegar afleiðingar eineltis. Og öll umræða um alvarlegar afleiðingar eineltis hlýtur að vera af hinu góða og ég fagna því ef skóla- og frístundasvið mun taka þátt í þessum degi og leggja til að skólarnir geri það, en ég vil fá að sjá hvar sú ákvörðun var tekin og hvenær.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir lokið við að veita andsvar. Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon óskað eftir því að taka til máls.

Bstj. 1. nóvember 2011

- 5. mál Fundargerð forsætisnefndar frá 28. október**
Fundargerðir íþróttá- og tómstundaráðs frá 14. og 21. október
Fundargerðir mannréttindaráðs frá 11. og 25. október
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 24. október
Fundargerðir skipulagsráðs frá 19. og 26. október
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. október
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 11. og 18. október
Fundargerð velferðarráðs frá 20. október

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég kveð mér hljóðs út af fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 14. október sl. og þar er fjallað um, undir 7. lið, tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

Í tilefni þess að 100 ár eru um þessar mundir liðin frá upphafi skipulagðs skátastarfs á Íslandi og 70 ár frá upphafi skátastarfs að Úlfjótssvatni, lýsir íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur yfir stuðningi við að skátahreyfingin fái Úlfjótssvatnsbýlið undir starfsemi sína. Með skátahreyfingunni er átt við Skátasamband Reykjavíkur og Bandalag íslenskra skáta. Jafnframt verði tryggt að það svæði sem skátahreyfingin nýtir að Úlfjótssvatni í þágu starfsemi sinnar og almannaheilla verði ekki selt til þriðja aðila á almennum markaði.

Ég vildi bara svona vekja athygli borgarfulltrúa á þessari tillögu. Eins og kemur fram í tillögunni og greinargerð með henni, þá hafa skátar í góðu samkomulagi við borgaryfirvöld nýtt svæðið að Úlfjótssvatni fyrir starfsemi sína í marga áratugi og fyrir nokkrum árum þá varð þetta í rauninni að áhyggjuefni eða deiluefni hér í borgarstjórn, þegar það stóð til að skipuleggja stór lönd þarna í kringum Úlfjótssvatnið undir sumarbústaðabyggð á vegum Orkuveitu Reykjavíkur, það var síðan horfið frá því sem betur fer eftir kosningar 2006 og mig minnir að allir flokkar hafi staðið sameiginlega að þeirri samþykkt, náttúrulega hið besta mál.

En við þurfum auðvitað alltaf að vera vakandi fyrir því hvernig á að nýta þetta land og nú eru í gangi fyrirætlanir um eignasölu hjá Orkuveitu Reykjavíkur til þess að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Og eignasalan sem við sjálfstæðismenn höfum stutt í stórum dráttum að fari fram, en við höfum sett fyrirvara við það, við teljum að það eigi að sjálfsögðu að fara varlega þegar um er að ræða mikilvæg útivistarsvæði þar sem útivist er stunduð og að sjálfsögðu viljum við hérna í borgarstjórn, á vettvangi borgarstjórnar, eiga síðasta orðið þegar það koma fram hugmyndir um það með hvaða hætti okkar útivistarsvæði verði nýtt.

Bstj. 1. nóvember 2011

Og ég held að það fari vel á því að sýna skátum það á þessum tímamótum að við höfum kunnað að meta starf þeirra í gegnum áratugina og borgarstjórn vilji fyrir sitt leyti tryggja að skátar geti áfram haft svæðið á Úlfljótsvatni undir starfsemi sína. Og eins og tillagan felur í sér þá hafa skátar mörgum sinnum vakið máls á því við borgarfulltrúa og embættismenn borgarinnar að þeir hafa óskað eftir að fá Úlfljótsvatnsbýlið og túnið sem er þar í kring einnig undir starfsemi sína það myndi henta mjög vel þeirra starfi og eina áhyggjuefnið er að þetta yrði selt til þriðja aðila.

Nú, ég tel bara rétt að við áttum okkur á því hvað hér er um að ræða. Þetta var aðeins rætt á vettvangi ÍTR og menn voru ekki alveg sammála um það hvort íþrótt- og tómstundaráð þyrfti að hafa skoðun á málinu á þessu stigi málsins og fulltrúar meirihlutans bentu á að þetta væri í meðferð, þetta mál væri í meðferð hjá Orkuveitunni sem er alveg rétt. En ég tel í rauninni fara vel á því að þetta mál sé rætt bæði á vettvangi Orkuveitunnar, sem er náttúrulega bara stjórn fyrirtækis, en einnig á vettvangi íþrótt- og tómstundaráðs eða annarra ráða hjá borginni, þess vegna umhverfis- og samgönguráðs eða annarra ráða. Því ég býst við að við, sem meirihluta eigendur í Orkuveitunni, við í borgarstjórn, að við viljum hafa um það að segja hvernig þessum málum verði skipað til framtíðar.

Þetta er í sjálfu sér ekki tillaga sem að bráðliggur á að fái afgreiðslu hér í kerfinu. Hún liggur þarna og hún er í afgreiðslu í stjórn Orkuveitunnar og ég hef sagt það þar að ég tel að það væri farsælt að slík tillaga yrði samþykkt þannig að það væri ljóst hvernig við ætlum að nýta þetta land til framtíðar. En vil vekja svona athygli á þessu máli hér í borgarstjórn, því ég býst við að þó að það bráðliggi ekki svo á að afgreiða það bara því að ég býst við að borgarfulltrúar fleiri en ég, fleiri en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sem höfum skoðun á því hvernig þessu landi verði ráðstafað til framtíðar.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

- 5. mál Fundargerð forsætisnefndar frá 28. október**
Fundargerðir íþróttá- og tómstundaráðs frá 14. og 21. október
Fundargerðir mannréttindaráðs frá 11. og 25. október
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 24. október
Fundargerðir skipulagsráðs frá 19. og 26. október
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. október
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 11. og 18. október
Fundargerð velferðarráðs frá 20. október

Eva Einarsdóttir: Já, það er rétt hjá borgarfulltrúa Kjartani Magnússyni að við meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar vísuðum þessari tillögu frá, það kemur því þó ekkert við að okkur þykir skátastarf hið besta starf og bara gaman að þeir muni fagna 100 ára afmæli. Sjálf er ég vígður skáti þannig að ég ber að sjálfsögðu taugar til þessa lands sem Úlfliótsvatn er. Engu að síður, í ástandi sem við stöndum frammi fyrir núna, þá tel ég ekki endilega æskilegt að við getum bara verið að gefa landssvæði hingað og þangað. Við sögðum í okkar máli þarna að okkur þætti eðlilegra þá að fyrirspurnin hefði komið frá skátunum sjálfum, að þá kannski hefðum við tekið lengri umræðu í þetta. En að svo stöddu töldum við á þessum fundi að við myndum ekki ráðstafa þessu landi akkúrat svona, það þýðir þó ekki að það sé búið að útiloka samstarf með þessu ágæta starfi og það hefur ekkert verið gefið til kynna að þeir fái ekki að vinna þarna áfram. Og eins og ég segi, þá held ég að við þurfum að fara varlega í að vera að lofa eigum borgar og Orkuveitu hingað og þangað. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon eftir góðan skammt af umræðu.

- 5. mál Fundargerð forsætisnefndar frá 28. október**
Fundargerðir íþróttá- og tómsundráðs frá 14. og 21. október
Fundargerðir mannréttindaráðs frá 11. og 25. október
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 24. október
Fundargerðir skipulagsráðs frá 19. og 26. október
Fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. október
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 11. og 18. október
Fundargerð velferðarráðs frá 20. október

Kjartan Magnússon: Já, ég þakka Evu Einarsdóttur borgarfulltrúa fyrir svarið og við tókum aðeins lengri umræðu um þetta kannski á fundi íþróttá- og tómsundaráðs. Mér finnst leiðinlegt eftir þá umræðu sem við áttum þar, það er eins og gæti ennþá smámisskilnings eða vanþekkingar hjá formanninum. Að það er enginn að tala um það að gefa land, við skulum bara hafa það alveg á hreinu; að Orkuveitan sem er dótturfyrirtæki borgarinnar, við getum bara sagt að borgin að stærstum hluta á þetta land og það er enginn að tala um að gefa það. Það land sem skátar hafa nú þegar til umráða á Úlfljótsvatni, sem er töluvert mikið og ég tel að það hafi verið mjög vel nýtt, það hefur ekkert verið gefið. Það hefur verið leigt skátunum, ég held að það sé í gildi núna 75 ára leigusamningur um það land, það er til langs tíma og það eru góð kjör á því landi, en það er ekki gjöf heldur leiga.

Og ég geri að sjálfsögðu ekki ráð fyrir því og það stendur hvergi í tillögunni að það eigi að gefa skátum þetta viðbótarland. Þetta viðbótarland sem eru nú bara örfáir hektarar, ekki mikið meira heldur en það sem þeir hafa nú þegar, það er ekkert verið að tala um það að það verði gefið heldur býst ég bara við að ef þetta yrði gert, þá yrði það bara látið skátum í té með sama hætti og samkvæmt stóra leigusamningnum. Og varðandi fyrirspurn frá skátum, ég á ekki von á því að það verði neitt vandamál að fá fyrirspurn frá þeim. Þeir hafa spurt um þessi mál nokkrum sinnum í gegnum árin, örugglega fleiri borgarfulltrúa heldur en mig. Og ég man ekki betur, ég hef ekki alla samninga í höndunum, en ég man ekki betur en að í samningi um leigu til þeirra sem er frá árinu 2006 eða 2007 og var þá gerður til 75 ára, ég man ekki betur en að það sé viðbótarákvæði í þeim samningi þar sem beinlínis er kveðið á um það að þegar leigusamningur vegna Úlfljótsvatnsbýlisins sem hann gerir á næsta ári, að þá fái skátar aðkomu að málinu með þá væntanleg afnot af landinu í huga. Þetta er svona sagt eftir minni en mig minnir að þetta hafi verið svona.

Bstj. 1. nóvember 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið við að svara andsvari. Við leggjum fram fundargerð skipulagsráðs frá 19. og 26. október, fundargerðir skóla- og frístundaráðs frá 19. október, fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 11. og 18. október og fundargerð velferðarráðs frá því 20. október. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum lið og telst honum lokið. Fleira liggur ekki fyrir á þessum fundi og honum er slitið kl. 16.42. Takk fyrir og góða ferð.